

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mýrahreppi árið 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Mýrahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

3 000 kr. á hverja íbúð

6 000 kr. á Hótel Eddu Núpi.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Mýrahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 9. maí 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflíð b í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, með síðari breytingum, skal vera kr. 8.300 fyrir hvern hund. Eindagi gjaldsins er 1. júní ár hvert.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausa hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 9. maí 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.